



Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi



Innra mat, skólaárið 2020-2021

Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi



Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| INNGANGUR..... | 3 |
| I. LYKILTÖLUR | 4 |
| II. BRAUTSKRÁNINGAR, MÆTINGAR, NÁMSÁRANGUR..... | 4 |
| III. INNRA MAT Í FVA | 5 |
| IV. KANNANIR..... | 6 |
| Kennslukönnun | 6 |
| Viðhorfskannanir - Nemendur | 7 |
| Viðhorfskannanir - Starfsfólk | 9 |
| V. ÖNNUR VERKEFNI | 9 |
| Náms- og starfsráðgjöf – þjónusta geðhjúkrunarfræðings og forvarnir | 9 |
| Félagslíf nemenda | 10 |
| Heilsueflandi framhaldsskóli | 10 |
| Umhverfismál..... | 11 |
| VI. TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA..... | 11 |
| Verkefni vegna markmiða sem lágu fyrir í upphafi skólaársins 2020-2021 | 12 |
| Verkefni og aðgerðir fyrirhuguð á skólaárinu 2021-2022 | 12 |
| VII. LOKAORÐ | 13 |

INNGANGUR

Viðfangsefni innra mats hjá Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi (FVA) byggir á framhaldsskólalögum nr. 92/2008. Þar segir í 40. gr. laganna að markmið mats og eftirlits með skólastarfi skuli vera að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá framhaldsskóla,
- auka gæði skólastarfs, stuðla að umbótum og aukinni ábyrgð skóla á eigin starfi,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Samkvæmt 41. gr. sömu laga er fjallað nánar um innra mat og segir þar að hver framhaldsskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. laganna með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á og birta opinberlega upplýsingar um matið, tengsl við skólanámskrá og áætlanir um umbætur. Sjá nánari í reglugerð nr. 700/2010 um mat og eftirlit í framhaldsskólum.

Skólameistari, aðstoðarskólameistari og gæðastjóri hafa yfirumsjón með innra mati FVA. Verkefni eru helst áætlanagerð, utanumhald gagna, úrvinnsla kannana og rýnivinna, eftirfylgni og ábyrgð á framkvæmd umbóta, skýrslugerð o.fl. Deildarstjórar sjá um þætti sem varða skipulag og framkvæmd innan deildar, s.s. umsjón með að áfangalýsingar og kennsluáætlanir séu í samræmi við námskrá og skýrslugerð um starfsemi deilda í lok skólaárs; deildarstjórar eru níu á jafnmörgum brautum en þar af eru 3 iðnbrautir (málmiðn-, rafiðn- og tréiðngreinar) (hér undir einnig dreifnám í húsasmíði og vélvirkjun), starfsbraut, braut raungreina, heilbrigðisgreina (hér undir einnig dreifnám á sjúkraliðabraut) og íþrótt og 4 bóknámsbrautir (tungumálabraut, íslenskubraut, braut samfélagsgreina, sögu og lífsleikni og braut stærðfræði, tölvufræði og viðskiptagreina).

Stjórnendateymi FVA sem auk skólameistara, aðstoðarskólameistara og gæðastjóra er skipað áfangastjóra og fjármálastjóra, gegnir jafnframt hlutverki gæðaráðs sem kemur að framkvæmd ýmissa þátta innra mats, s.s. úrvinnslu, gagnaöflun, greiningu umbóta og gerir tillögur að umbótaverkefnum.

Á skólaárinu 2020-2021 setti Covid-19 áfram mark sitt á skólastarfið sem var því með óhefðbundnu móti. Nám á starfsbraut og verklegir áfangar voru kenndir í staðkennslu meðan stætt var en bóklegt nám fór að mestu fram í fjarkennslu á haustönn 2020 sem reyndi verulega á bæði nemendur og kennara. Reynsla frá vorönn 2020 nýttist vel á haustönninni en ljóst var í lok sumars að ný bylgja Covid-19 myndi hafa áhrif á kennslufyrirkomulag og mikil skipulagsvinna fór fram svo skólastarf gæti hafist skv. skóladagatali.

Innra starf skólans á tímum Covid-19 hefur verið með öðrum hætti en áður og fáir eða engir viðburðir eða samkomur af nokkru tagi vegna samkomubanns. Eftir sem áður var nám og kennsla samkvæmt náms- og kennsluáætlunum og heppnaðist vel. Nýtt landslag í námi sem einkenndist af fjarkennslu var komið á nánast á einni helgi og sýndi vel hve starfsmannhópurinn er öflugur og hvers nemendur eru megnugir. Námsmat var sniðið að þessu nýja landslagi. Það gefur auga leið að samanburður við fyrri annir er annmörkum háður, breytingar hafa einfaldlega verið það miklar. Yfirlit yfir kennslufyrirkomulag og framvindu í skólastarfinu í skugga Covid-19 má sjá á tímalínu aðgerða á heimasíðu:

[Tímalína á haustönn 2020](#)

[Tímalína á vorönn 2021](#)

I. LYKILTÖLUR


Á haustönn 2020 voru 538 nemendur í námi við skólann en 484 á vorönn 2021:

| Haustönn 2020 | Karlar | Konur | Heildarfjöldi | Vorönn 2021 | Karlar | Konur | Heildarfjöldi |
|------------------------------|------------|------------|---------------|----------------------------|------------|------------|---------------|
| Dagskóli haustönn | 252 | 179 | 431 | Dagskóli vorönn | 217 | 153 | 370 |
| Dreifnám haustönn | 70 | 37 | 107 | Dreifnám vorönn | 77 | 37 | 114 |
| Samtals haustönn 2020 | 322 | 216 | 538 | Samtals vorönn 2021 | 293 | 189 | 484 |

Nánari upplýsingar um lykiltölur ársins 2020 má nálgast í [ársskýrslu](#) á heimasíðu.

Heildarfjöldi nemenda á hvorri önn er aðeins meiri en á skólaárinu á undan (2019-2020). Þá er fjölgun í hópi nemenda sem eru eldri en 25 ára (eru 18% af heildarfjölda en voru 16% á síðasta skólaári). Nemendur í dreifnámi (verkefnadrifið fjarnám með staðbundnum lotum um helgar) eru að jafnaði eldri og stunda námið samhliða vinnu. Nám í dreifnámi er á braut tréiðngreina, málmíðngreina og á sjúkraliðabraut.

Skipting nemenda á námsbrautir var eftirfarandi:



Fjöldi áfanga á haustönn 2020 var 148 áfangar.

Fjöldi áfanga á vorönn 2021 var 152 áfangar.

Á heimasíðu eru [lýsingar á námsbrautum](#).

II. BRAUTSKRÁNINGAR, MÆTINGAR, NÁMSÁRANGUR

Á haustönn 2020 var 51 nemandi nemandi brautskráður frá skólanum þann 18. desember.

Á vorönn 2021 voru 55 nemendur brautskráðir þann 28. maí.

Um báðar brautskráningarathafnirnar gildi að þær voru háðar fjöldatakmörkunum gesta í samræmi við gildandi samkomubann og var streymt.

Annmarkar í skólastarfi vegna Covid-19 höfðu engin formleg áhrif á skólasóknarreglur: Á vorönn 2021 náðu um 25% nemenda í fullu námi í dagskóla einkunninni 9 eða 10 fyrir mætingu og fengu fyrir það 1 einingu á fyrsta þrepi sem var færð inn í námsferil þeirra við lok annar.

Meðaleinkunn á haustönn 2020 var 7,0 og fallprósenta 14,9%

Meðaleinkunn í skólanum á vorönn 2021 var 7,2 og fallprósenta 14,3%

Markmið FVA er að allir nemendur hafi lokið a.m.k. 40 einingum eftir 2 annir og 80 einingum eftir 4 annir. Hlutfall nemenda sem hóf nám á haustönn 2018 á stúdentsbrautum og brautskráðist á vorönn 2021 á áætluðum námstíma (3 ár/6 annir til stúdentsprófs) var 43%:

| | Loknar einingar > 40 eftir 2 annir | Loknar einingar > 80 eftir 4 annir | Brautskráning á áætluðum námstíma (3 ár til stúd.prófs) |
|----------|---------------------------------------|---------------------------------------|---|
| | Hlutfall lokinna ein. | Hlutfall lokinna ein. | Hlutfall |
| Vor 2018 | 82,90% | 76% | 43% |
| Vor 2019 | 83% | 92% | 44% |
| Vor 2020 | 84% | 86% | 44% |
| Vor 2021 | 75% | 76% | 43% |

Af yfirliti sem birtist í þessari töflu má ætla að Covid-19 hafi haft áhrif á loknar einingar nemenda á skólaárinu. En athyglisvert er að hlutfall þeirra sem brautskrást á áætluðum námsíma er nær óbreytt miðað við fyrri ár.

III. INNRA MAT Í FVA

Fyrir skólaárið 2020-2021 lá fyrir samþykkt áætlun um kannanir sem skólinn leggur fyrir í tengslum við kennslu og nemendur (sjá liði 1-4 í töflunni hér fyrir neðan). Til viðbótar eru kannanir sem ytri aðilar framkvæma og er gert grein fyrir þeim í kafla IV. Liðir 5-7 í töflunni sýna kannanir sem skólinn og ytri aðilar framkvæma í tengslum við starfsfólk og starfsumhverfismál. Allir þættir áætlunarinnar í liðum 1-7 lágu til grundvallar heildarmati á skólaárinu auk þess sem lykiltölur voru rýndar (s.s. nemendafjöldi í heild og eftir brautum, námsárangur o.fl.) sem og skýrslur deildarstjóra og verkefnastjóra. Liðir 8-13 sýna innri og ytri úttektir vegna jafnlaunakerfis sem var fyrst vottað á vorönn 2020 og stóðst í framhaldinu fyrstu viðhaldsvottun á haustönn 2020. Sjá töflu:

| Nr. | Könnun, greining, rýni, úttekt | Skjal, aðferð | Haustönn | Vorönn | Úttektaraðili |
|-----|--|--|----------|--------|----------------------------------|
| 1 | Kennslukönnun - lögð fyrir nem. í völdum áföngum um viðhorf til kennslu, samskipta við kennara, námsefnið o.fl.; | Rafræn könnun | x | x | Aðstoðarskólameistari |
| 2 | Viðhorfskönnun - lögð fyrir nem. um viðhorf til þjónustu, um líðan, viðhorf til félagslífs o.fl. | Rafræn könnun | | x | Aðstoðarskólameistari |
| 3 | Viðhorfskönnun - lögð fyrir útskrifaða nemendur um eftirámat á námi í FVA | Rafræn könnun | | x | Aðstoðarskólameistari |
| 4 | Viðhorfskönnun - skólinn frá sjónarhóli foreldra | Rafræn könnun | | x | Aðstoðarskólal. |
| 5 | Viðhorfskönnun meðal starfsfólks | Rafræn könnun | | x | Aðstoðarskólal. |
| 6 | Starfsmannasamtöl stjórnenda við starfsfólk á amk 2 ára fresti og snerpusamtöl í kjölfar kennslukannana | Skráð samtöl | x | x | Skólameistari og aðstoðarskólal. |
| 7 | Stofnun ársins - könnun meðal starfsfólks um stjórnun, líðan á vinnustað og aðbúnað | Rafræn könnun | | x | Gallup |
| 8 | Launagreining; vaktadír og mældir bættir sem hafa áhrif á launamyndun; frammistaða FVA staðfest. | Embla - launagrein- ingartöl fjársýslunnar | x | | Fjármálastjóri |
| 9 | Lagalegar kröfur og aðrar kröfur | 4.3.2_GAT 4.3.2_VEL | | x | Skólameistari og gæðastjóri |
| 10 | Innri úttekt skv. áætlun jafnlaunakerfis FVA | 4.5.5_GAT 4.5.5_VEL | x | | Úttektarteymi |
| 11 | Rýni stjórnenda | 4.6_GAT 4.6_VEL | x | | Skólameistari |
| 12 | Ytri úttekt á jafnlaunakerfi | Skjöl og skrár jafnlaunakerfisins | x | | iCert |

Kennslukannanir (liður1) voru framkvæmdar á báðum önnum og er gert grein fyrir þeim í kafla IV.

Viðhorfskannanir (liðir 2 – 4) voru lagðar fyrir en framkvæmd sumra þeirra hafði dregist (kafli IV). Viðhorfskannanir starfsmanna, starfsmannasamtöl og snerpusamtöl (liðir 5 - 6), sjá kafla V. Starfsumhverfiskönnun ríkisins, Stofnun ársins (liður 7), sjá kafla V.

IV. KANNANIR

Hér er fjallað um niðurstöður kannana skv. liðum 1 – 6 í töflunni hér framar.

KENNSLUKÖNNUN

Nemendur leggja mat á áfanga og kennslu í völdum áföngum í dagskóla og dreifnámi (frá V2020 í völdum áföngum en áður í öllum áföngum). Niðurstöður gefa vísbendingar um það sem vel er gert og það sem má bæta. Þær eru framkvæmdar í Innu í apríl og nóvember. Stefnt er að því að hver áfangi sé metinn ekki sjaldnar en á tveggja ára tímabili.

Á haustönn 2020, dagana 9. – 13. nóvember voru kennslukannanir lagðar fyrir í 28 áföngum í dagskóla, samtals 606 svarendur (sumir taka fleiri en eina könnun) féllu undir úrtakið og náðu þær til 13 kennara. Þátttaka var 62,5%.

Könnunin var lögð fyrir nemendur í samfélagsgreinum, tréiðngreinum, listgreinum og á starfsbraut. Spurningar voru samtals 19. Engin spurning er með undir 80% með svarinu „sammála“ eða „mjög sammála“ og alls 14 spurningar fengu meira en 90% svara í „sammála“ eða „frekar sammála“ en þær voru þessar:

Tímarnir í áfanganum eru vel skipulagðir
Kennarinn útskýrir námsefnið vel í tímum
Kennarinn hvetur mig til að gera mitt besta í áfanganum
Ég tek virkan þátt í kennslustundum í þessum áfanga
Góður vinnuandi er í tímum í þessum áfanga
Kennarinn hlustar á spurningar nemenda og bregst við þeim
Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að hugsa á gagnrýnninn hátt
Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri
Kennarinn hvetur nemendur til sjálfstæðra vinnubragða
Ég ber ábyrgð á eigin lærdómi í þessum áfanga (99% sammála þessu)
Ég er ánægð/ánægður með samskipti mín við kennarann
Kennarinn kemur vel undirbúinn í kennslu
Kennarinn mætir stundvíslega í kennslustundir
Ég er ánægð/ánægður með námsgögnin sem eru notuð í áfanganum

Á vorönn 2021, dagana 15. – 25. apríl voru kennslukannanir lagðar fyrir í 40 áföngum í dagskóla; samtals 580 svarendur (sumir taka fleiri en eina könnun) féllu undir úrtakið og náðu þær til 12 kennara. Þátttaka var 44,65%.

Könnunin var lögð fyrir nemendur í rafiðngreinum, raungreingum og á starfsbraut. Spurningar voru samtals 24, þar af 4 opnar spurningar. Meira en 80% þátttakenda svöruðu öllum spurningum með „sammála“ eða „frekar sammála“.

Þær spurningar sem fengu meira en 90% svara með „sammála“ eða „frekar sammála“ voru þessar:

Kennarinn hvetur mig til að gera mitt besta í áfanganum.
Ég tek virkan þátt í kennslustundum í þessum áfanga.
Kennarinn hlustar á spurningar nemenda og bregst við þeim.
Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að hugsa á gagnrýnninn hátt.
Kennarinn hvetur nemendur til sjálfstæðra vinnubragða.



Ég ber ábyrgð á eigin lærdómi í þessum áfanga (99% sammála þessu)

Ég er ánægð/ánægður með samskipti mín við kennarann.

Kennarinn mætir stundvíslega í kennslustundir.

Hafa verður í huga að fram til 2020 hafa kennslukannanir miðast við hefðbundna staðkennslu en með Covid-19 færðist kennsla á bóknámsbrautum til þess að vera fjarkennsla þegar leið á vorönn 2020, alla haustönnina 2020 og að einhverju leyti á vorönn 2021. Á starfsbraut var áhersla á að halda úti staðnámi sem og í iðnnámi í verklegri kennslu.

Ekki voru lagðar kennslukannanir fyrir nemendur í dreifnámi á þessu skólaári.

VIÐHORFSKANNANIR - NEMENDUR

Viðhorfskannanir voru lagðar fyrir nemendur í samræmi við áætlun (sjá kafla III). Samantekt á helstu niðurstöðum voru kynntar á kennarafundi. Deildir fengu upplýsingar um niðurstöður sem lutu að deildinni og þær ræddar.

Stutt könnun í samkomubanni; Könnun FVA um álag og hvernig gengur í náminu á tímum Covid var lögð fyrir á tímabilinu 27.11. – 4.12.2020. Könnunin var lögð fyrir 419 nemendur, fjöldi svara var 285 (68% svarhlutfall). Niðurstaðan var að 50% þátttakenda sögðu að gengið hafi mjög vel eða frekar vel að aðlagast breyttu námsfyrirkomulagi; mikill meirihluti sagðist hafa upplifað mjög mikið eða frekar mikið álag í náminu undanfarnar vikur; rúmlega helmingur þátttakenda taldi að mjög mikið eða frekar mikið af upplýsingum hafi komið til þeirra frá skólanum; 65% sögðust aldrei hafa fengið aðstoð frá námsráðgjafa á þessu tíma og um fjórðungur 1 sinni til 2svar*. Aðspurð um hvaða hugbúnað kennarar notuðu í fjarkennslunni kom fram að rúmlega helmingur þeirra noti Innu (kennslukerfið) en um þriðjungur þeirra hafi nýtt Teams. Niðurstöður voru í góðu samræmi við kannanir Skólapúlsins og Rannsóknna og greininga (sjá á næstu bls.).

*Hér verður að hafa í huga að í spurningunni var ekki spurt um hvers konar ráðgjöf væri átt við en mikill meirihluti nemenda hittir námsráðgjafa í tengslum við val í upphafi annar.

Þjónustukönnun; Á vorönn 2021, dagana 10. – 16. febrúar 2021 var þjónustukönnun lögð fyrir alla nemendur (bæði í dagskóla og dreifnámi). Könnunin var tvískipt, könnun A og könnun B og send á tvo jafnstóra hópa (239 í hvorum hópi) en röðun í hópnum var samkvæmt handahófsvali. Svörin voru nánast sú sama í báðum hópum: Í könnun B var hún 44,35% og í könnun A var hún 45,19%.

Báðir hópar voru spurðir um viðhorf til virkni nemendafélagsins (NFFA) og hvaða viðburðum það ætti að standa fyrir, um gæði sóttvarna í skólanum (um 90% telja þau mjög góð eða góð) og hver væri besti miðillinn til að ná til nemenda (Instagram í fyrsta sæti, langt umfram aðra miðla).

Í könnun A var spurt um notkun á bókasafni, leitaráferðir, þjónustu á bókasafni, þjónustu í mötuneyti og viðmót (tæp 60% borða aldrei í mötuneytinu) og um matinn. Í könnun B var spurt um þjónustu skrifstofu og viðmót, aðgengi að stjórnendum og viðbrögð þeirra við erindum, notkun á tölvuveri (tæp 60% segjast aldrei eða næstum aldrei nota tölvu í tölvuveri eða bókasafni en kalla eftir fleiri prenturum (40%). Um notkun á vef skólans og gæði en þau eru mjög góð að mati tæplega 70% þátttakenda; Tæplega 90% skrá sig daglega inn í Innu en aðrir nokkru sjaldnar. Einnig var spurt um notkun tölvuþjónustu og viðmót þjónustuaðila.

Niðurstöður voru almennt mjög góðar og þeim komið til hlutaðeigandi ábyrgðarmanna og deilda til skoðunar og umræðu um mögulegar umbætur þar sem þeirra er þörf og gera áætlun um hvernig þeim verður við komið.

Útskrifaðir nemendur; Á vorönn 2021 var leitað eftir viðhorfi fyrrum nemenda sem hafa útskrifast frá skólanum. Í úrtakið voru valdir nemendur sem útskrifuðust fyrir 3 árum (miðað við vor 2021), samtals 49 þátttakendur. Niðurstaðan var að um 75% þátttakenda er í námi, þar af tæp 70% í háskólanámi; tæp 50% voru mjög eða frekar sammála því að nám í FVA hafi veitt góðan undirbúning fyrir framhaldsnám; um 70% eru mjög eða frekar sammála því að kennslan hafi verið góð og um 75% að námssaðstaðan hafi verið góð; tæp 85% segja að þeim hafi liðið vel í FVA og um 70% að námið hafi verið hæfilega þungt. Í svari við opinni spurningu komu fram gagnlegar ábendingar um sem verða nýttar við endurskoðun námsskrár 2021-2022.

Foreldrar nýnema. Á vorönn 2021, dagana 11.2.-21.2.2021 var leitað eftir viðhorfi forráðamanna nýnema til ýmissa þjónustubátta skólans og könnunin send þeim í gegnum Innu. Könnunin var lögð fyrir 213 forráðamenn en fjöldi svara var aðeins um 7% og niðurstöður því ómarktækar. Hugað er að því að leggja sambærilega könnun fyrir á vorönn 2022 en leita nýrra leiða til að ná til þátttakenda.

Auk kannana sem skólinn lagði fyrir tóku nemendur þátt í könnun [Skólapúlsins](#) (samræmd könnun lögð fyrir nemendur framhaldsskóla um líðan þeirra, námsumhverfi, virkni og skólabrag) sem og í könnuninni Ungt fólk sem [Rannsókn og greining](#) framkvæmir og nær til upplýsinga um vímuefnanotkun, nám og skóla, heilsu og líðan, frítíma o.fl. Niðurstöður eru nýttar til að greina umbótataækifæri í skólastarfinu þar sem stjórnendur geta borið niðurstöður síns skóla saman við niðurstöður viðmiðunarhóps (aðrir framhaldsskólar).

Skólapúlsinn. Skólapúlsinn framkvæmir árlega samræmda könnun á meðal framhaldsskólanema. FVA tók þátt í könnuninni í apríl 2021. Fjöldi þátttakenda var 133 og svarhlutfall 75,2%. Almennt var niðurstaðan góð fyrir FVA, t.d. mælist líðan nemenda milli ára jöfn og þeir eru örflítið hamingjusamari en viðmiðunarhópurinn (nemendur í öðrum framhaldsskólum); hins vegar virðist áhugi hafa dvínað aðeins en það sama á við um viðmiðunarhópinn. Þessar niðurstöður voru kynntar fyrir kennurum en í þeim felst áskorun um að leita leiða til að efla áhuga nemenda á náminu.

Ungt fólk (Rannsókn og greining). Könnunin fór fram í október 2020: Könnun á líðan nemenda, upplýsingar um ungmenni á tímum Covid. Niðurstöður voru kynntar á kennarafundi á vorönn 2021. Helstu viðbrögð eru eftirfarandi:

- Efla þarf forvarnarstarf til að sporna við notkun áfengis og annarra vímuefna
- Finna nemendur sem glíma við kvíða eða námsleiða og hlúa að þeim
- Viðhalda þjónustu í Verinu til að styðja við nemendur sem þurfa og vilja leggja meiri rækt við námið
- Auka fræðslu um mikilvægi svefns
- Viðhalda öflugri þjónustu geðhjúnarfræðings og náms- og starfsráðgjafa

Stuðningsteymi skólans var eflt á skólaárinu, s.s. með komu geðhjúnarfræðings í teymið og auknu starfshlutfalli í náms- og starfsráðgjöf; teymið er ávallt aðgengilegt fyrir nemendur. Í teyminu eru einnig aðstoðarskólameistari og áfangastjóri. Teymið kappkostar að greina þarfir nemenda, m.a. gegnum niðurstöður kannana, og veita þeim nauðsynlegan stuðning. Aðstoðarskólameistari kallar forvarnarfulltrúa og félagslífsfulltrúa að borðinu þegar tilefni er til.

VIÐHORFSKANNANIR - STARFSFÓLK

Þjónustukönnun meðal starfsmanna FVA var haldin á tímabilinu 1.-8. mars 2021. Könnunin var send 70 starfsmönnum og samtals bárust 29 svör (41,4% svarhlutfall). Spurt var um afgreiðslu og þjónustu mötuneytis, bókasafns, tölvuþjónustu, skrifstofu, stjórnenda, umsjónar fasteigna, um viðmót stjórnenda, um tölvubúnað starfsfólks og ræstingu auk nokkurra opinna spurninga. Niðurstaðan sýnir 65-95% skor í mjög góð og góð þjónusta í öllum þáttum. Þeir starfsmenn og deildir sem matið snerti fengu upplýsingar um niðurstöður sem þá varða og nýta þær til gera gott betra þar sem hægt er.

Starfsmannasamtöl voru á dagskrá allt skólaárið en þar ræða stjórnandi og starfsmaður með skipulögðum hætti um starfið, s.s. verkefni starfsins, samskipti, líðan, vinnuáðstæður, starfsþróun o.fl. og sammælast um niðurstöður. Leitast er við að starfsmaður fái samtal ekki sjaldnar en annað hvert ár en hann getur þó óskað eftir samtali hvenær sem er. Á haustönn voru nýliðasamtöl þar sem leitast er við að fylgja eftir góðri aðlögun að nýju starfi og á vorönn voru samtöl við allt starfsfólk, kennara og aðra. Áherslan var á almenna líðan, starfsþróun og stuðning í starfi. Samtali fylgir áætlun um eftirfylgni við niðurstöður og ákvarðanir. Fjöldi starfsmannasamtala á vorönn var 51 samtal.

Snerpusamtöl við kennara voru í höndum aðstoðarskólameistara en þau eru á dagskrá strax í kjölfar kennslukannana, bæði á haustönn og vorönn. Um er að ræða stutt, hnitmiðað starfsmannasamtal við kennara um niðurstöðu könnunar og viðbrögð en hvoru tveggja er trúnaðarmál milli viðkomandi. Kennari getur einnig óskað samtals án tillits til niðurstöðu könnunarinnar. Farið var yfir samandregnar niðurstöður á kennarafundi og þær ræddar meðal kennara í deildum. Þessum samtölum var bætt við áætlun um innra mat frá og með V2020. Á haustönn 2020 voru samtöl við 12 kennara sem voru í mati í kennslukönnun og á vorönn 2021 var samtal við 13 kennara.

Til viðbótar er í þróun skipulögð nýliðafræðsla og -þjálfun með faglegri handleiðslu á fyrstu mánuðum í starfi samkvæmt móttökuáætlun sem er í smíðum. Stjórnendur fylgja þessu eftir með samtali eftir 2 mánuði í starfi.

Stofnun ársins, Starfsumhverfiskönnun ríkisins og Sameykis var á dagskrá vorið 2021 en var frestað vegna Covid-19; áætlað er að hún fari fram í nóvember 2021. Einkunn FVA vorið 2020 var 3,98 (var 3,47 árið 2019) og stefnt er á að ná hærra skori næst.

V. ÖNNUR VERKEFNI

Önnur verkefni en þegar hafa verið tíunduð eru mörg og af mismunandi toga. Að þessu sinni er gert stuttlega grein fyrir náms- og starfsráðgjöf á skólaárinu, þjónustu geðhjúkrunarfræðings og forvörnum en einnig er stutt umfjöllun um félagslíf nemenda, heilsuefandi framhaldsskóla og umhverfismál.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF – ÞJÓNUSTA GEÐHJÚKRUNARFRÆÐINGS OG FORVARNIR

Skólaárið fól í sér talsverða áskorun fyrir náms- og starfsráðgjafa hjá FVA. Rafræn ráðgjöf, þ.e. samskipti gegnum rafræna miðla (tölvu, síma og fjarfundabúnað), var skiljanlega umfangsmikil og nýttu bæði ráðgjafar og nemendur sér tæknina þegar ekki var hægt að hittast augliti til auglitis. Fyrirspurnir frá nemendum gegnum tölvupóst jukust til muna og þá var hægt að bregðast hratt við með svör og leiðbeiningar og er það mat náms- og starfsráðgjafa að með rafrænni ráðgjöf er komið betur til móts við þarfir fjölmargra nemenda.

Helstu verkefni tengdust náms- og starfsferli nemenda en jafnframt þungum nemendamálum á tímum Covid-19. Að vanda voru náms- og starfsráðgjafar á tánnum vegna líðanar nemenda á þessum krefjandi tímum, fylgdust vel með og veittu ráðgjöf og stuðning. Sérstakur kraftur var settur í ráðgjöf við nemendur sem bjuggu á heimavistinni á vorönn. Sálrænn stuðningur við nemendur var efldur með aðkomu geðhjúkrunarfræðings og einnig var komið á handleiðslu fyrir þá starfsmenn sem sinna erfiðum nemendamálum. Forvarnarstarf var hins vegar óvirkt vegna Covid-19.

FÉLAGSLÍF NEMENDA

Félagslíf nemenda leið fyrir samkomutakmarkanir og sóttvarnir á skólaárinu vegna Covid-19; engin nýnemaferð og ekkert ball! Leikverki sem leiklistarklúbburinn hafði æft og til stóð að sýna vorið 2020 var frestað til haustannar 2020. Þegar til kom var sýningin að endingu tekin upp og sýnd á stórum skjá í bílabíói í samstarfi við Akraneskaupstað á Vökudögum. Þá má rifja upp að við kepptum í Gettu betur og gekk vel þó við kæmumst ekki í sjónvarpskeppnina. Annars var lítil virkni hjá klúbbunum og verður hugað að því að virkja klúbbastarfsemina á næsta skólaári, ekki síst fyrir nýnema á haustönn 2020 sem þekkja nánast ekki framhaldsskólalífið eftir fyrsta veturinn, meira og minna í fjarkennslu.

Opnir dagar 9. – 10. mars voru haldnir þrátt fyrir Covid og fjöldinn allur af viðburðum í boði, s.s. bingó, fótolti, golf, rafsuða, tölvuteikning, núvitund, matargerð, salsa, sjósund o.fl. og o.fl.

Þann 11. mars bar til tíðinda: Haldin var árshátíð með óvenjulegu sniði: Árshátíðargestir sátu í tveimur hópum í sitt hvorum salnum og skemmtiatriðum streymt á milli sala. Nemendur áttu stóran þátt í að skipuleggja við viðburðinn sem tókst gríðarvel: Mikil stemming var enda almennilegur viðburður! Nær engir viðburðir voru það sem eftir lifði annar. Þann 4. maí héldu útskriftarnemendur þó sitt lokahóf, dimmisjón: Þrúðbúinn útskriftarhópurinn bauð starfsfólki til morgunverðar kl. 8, hóf ratleik dagsins og hélt svo af stað í blíðviðri suður til Reykjavíkur. NFFA hélt próflokafögnum í Skógræktinni í lok skólaársins þar sem um 70 nemendur mættu og skemmtu sér vel.

HEILSUEFLANDI FRAMHALDSSKÓLI

Á vorönninni var í samstarfi við matráð ákveðið að á matseðli væri alltaf grænkeraréttur að kröfu Grænna skrefa. Með þessu er um leið komið til móts við vilja margra starfsmanna og nemenda enda styður grænkerafæði bæði við hollustu og umhverfið. Almenn ánægja var með þessa nýjung.

Þá var hafragratur fyrir alla, nemendur og starfsfólk, á boðstólum á morgnana, í boði skólans. Aðsókn var misgóð en á þetta verður látið reyna áfram á næsta skólaári.

Öflugt heilsueflingarteymi þar sem sæti eiga bæði nemendur og starfsfólk, lauk við að draga grunnlínu í öllum gálistum Embættis landlæknis á haustönninni. Ánægjulegt er að þegar skor er skoðað í lok vorannar 2021 hefur árangur náðst í nær öllum þáttum (mataræði, hreyfing, vímuefni, jafnrétti og kynheilbrigði, verklag, starfsfólk, öryggi og geðrækt).

Gönguklúbbur starfsmanna var stofnaður á haustönn og skipulagði ferðir. Samkomutakmarkanir gerðu það að verkum að sumar göngur þurfti að fella niður og breyta dagsetningum á öðrum en þó var víða gengið! Þá var fyrirhuguð ganga á Hornstrandir í upphafi næsta skólaárs.

Íþróttakennarar fengu styrk til að kynna ýmsar íþróttir á Akranesi í Íþróttaviku ÍSÍ í september en bíða þurfti með framkvæmdina vegna Covid; heilsuvika FVA sem átti að vera á haustönn var frestað, fyrst tímabundið en svo út skólaárið – dagskráin mikil og flott en bíður betri tíma; heilsuleikar FVA á Instagram í október voru haldnir en þátttaka var dræm; heilsupepp í tölvupóstum var reglulega sent nemendum og starfsfólki í samkomubanni; „Göngum til góðs til Tene“ 15. jan-15. feb – 4000 km. leið, tókst mjög vel, 182 þátttakendur (starfsfólk og nemendur) gengu/hlupu/hjólðu samtals rúma 4000 km og söfnuðu um leið áheitum (kolefnisjöfnun miðað við flug til Tene) í samtarfi við umhverfisnefnd. Komið var á vikulegri núvitund í hádegishléi; lífshlaupið var í febrúar (ÍSÍ átak), dræm þátttaka nemenda en góð þátttaka starfsfólks. Viðtal var í Fréttablaðinu í feb. um heilsuefningu í FVA; á Opnum dögum í mars voru ýmsir heilsueflandi viðburðir, s.s. crossfit, heilsufyrirlestur, skokk og ganga. Tenegangan var endurtekin en nú lá leiðin „Heim frá Tene“. 214 þátttakendur voru skráðir og markmiðið um 4000 km. náðist en það stóð þó tæpt! Skólaganga FVA var síðasta vetrardag (21. apríl) og þátt tóku hátt í 150 manns; þá tóku 14 starfsmenn þátt í „Hjóláð í vinnuna“ í maí og við enduðum í 20. sæti af 85 í okkar vinnustaðaflokki. Þá skilaði heilsuefningarteymið ítarlegri áætlun um verkefni á næsta skólaári.

UMHVERFISMÁL

Vinna að verkefnum leið fyrir takmarkanir sem Covid-19 setti okkur. Verkefni sem áður voru unnin af umhverfisfulltrúa með lífsleiknihópum var fært í fyrirlestrarform sem nemendur gátu þá unnið úr með sínum kennurum. Til stóð að taka út skólann fyrir endurnýjun á Grænfánanum en það tafðist en er fyrirhugað á haustönn 2021. Þátttaka í Grænum skrefum hófst og í lok annar hafði eitt skref af fimm náðst. Með þessu hefur grænt bókhald verið innleitt og nú býður mótuneytið ávallt upp á grænkerarétt á matseðli. Einnig náðist að gera samgöngusamning við starfsfólk og nemendur en það felur í sér að loforð um að koma til vinnu á sem umhverfisvænstan hátt. Í tengslum við heilsuefningarátakið Göngum til Tene í febrúar á vorönn (safnað 4000 km vegalengd með göngum/hlaupum/hjólreiðum nemenda og starfsfólks) var í gangi áheitasöfnun til að kolefnisjafna ferðina. Umhverfisfulltrúi sótti fjarfundaráðstefnu á vegum Landverndar og Grænskóla í febrúar og einn fulltrúi nemenda í umhverfisnefnd sótti sambærilega ráðstefnu síðar á vorönn. Á Opnum dögum var fenginn fyrirlesari til að ræða um umhverfismál og var þátttaka nemenda góð.

Umhverfisnefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að mennta fólk um umhverfismál, nýta betur það sem við eigum, gera við og bæta áður en hent er og endurnýjað: Þó flokkun sé mikilvæg er jafnvel mikilvægara að minnka úrgang.

Þá má nefna að á árinu hófst undirbúningur hjá skólastjórnendum að uppsetningu á hleðslustöð við FVA fyrir rafmagnsbíla.

VI. TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Í þessum kafla eru fyrst rifuð upp þau verkefni sem fyrirhuguð voru fyrir skólaárið 2020-2021 í skýrslu um innra mat skólaársins 2019-2020 og farið yfir stöðuna nú í lok skólaársins 2020-2021. Á þeim

grundvelli og niðurstaðna kannana verða tíunduð þau verkefni sem fyrirhuguð er á skólaárinu 2021-2022

VERKEFNI VEGNA MARKMIÐA SEM LÁGU FYRIR Í UPPHAFI SKÓLAÁRSINS 2020-2021

Markmið fyrir skólaárið 2020-2021 voru á ýmsum sviðum¹ - aðgerðir og viðmið voru ekki skilgreind sérstaklega og þegar litið er til baka er ljóst að vel gekk á sumum sviðum en öðrum síður, ekki hvað síst fyrir áhrif frá Covid-19. Sjónum skyldi beint að eftirfarandi: Efla fjölbreytt og gott bók-, list- og starfsnámi; Gæði náms og kennslu; Minnka brotthvarf úr námi; Efling mannauðs (starfsfólk og nemendur); Faglegir starfshættir og Ímynd skólans.

Árangur sem náðist: Fablab smiðju komið á í samstarfi við Akraneskaupstað; þátttaka í MeMa²; valáfangi í sjálfsstyrkingu fyrir alla nemendur (EMPO); fjölbreytni í námsmati aukin; Stelpur í verknámi; sjálfsmat og lýðræðisleg vinnubrögð styrkt í sessi, m.a. með aukinni rýnihópavinnu starfsfólks og nemenda sem tókst vel þrátt fyrir takmarkanir af völdum Covid-19 (starfsmannahópur endurskoðaði mannauðsstefnu FVA sem var uppfærð á vorönn; sjálfsmatsteymi skipað nemendum og starfsfólki rýndi viðmið og vísbendingar MMR fyrir ytra mat í því skyni að styrkja virkt sjálfsmat og svo lýðræðisfundur nemenda og starfsfólks þar sem ræddar voru umbætur í skólastarfinu og hvar tækifærin liggja); aukinn stuðningur við nýnema og aðra viðkvæma nemendahópa (s.s. á heimavist); umsjón með nýnemum komið á; stuðningi við nýja kennara komið á; aukið samtal og upplýsingagjöf við starfsfólk (vikulegt fréttabréf (Skruddan)); aukin hvatning til starfsfólks til að viðhalda og bæta við þekkingu sína; örnámskeið fyrir kennara í kennslukerfi Innu; fimm fræðslufundir á önn fyrir kennara um fagtengd málefni; samstarf við Barnavernd formgert og aukið; gerðar voru stórfelldar endurbætur á húsnæði málmiðngreina, B álmu og innanhúss í heimavist auk reglubundins viðhalds á húsnæði; innkaup voru í samræmi við áætlun en töluverðu bætt í tölvubúnað fyrir kennara til að styðja fjarkennslu; viðbragðsáætlun við vó var endurskoðuð og uppfærð; samkomulag um betri vinnutíma við starfsmenn aðra en KÍ starfsmenn komið vel á veg; skjalastefna unnin; skipurit skólans rýnt og uppfært; ný braut, félagsliðabraut skipulögð og staðfest.

VERKEFNI OG AÐGERÐIR FYRIRHUGUÐ Á SKÓLAÁRINU 2021-2022

Rýni á niðurstöður kannana og hina ýmsu þætti í starfsemi skólans sem nú hefur farið fram gefur tækifæri til að greina mögulegar umbætur á hinum ýmsu sviðum. Á þeim grundvelli liggja helstu umbótatækifærin í eftirfarandi:

- Vinna áfram að því að styrkja lýðræðisleg vinnubrögð með þátttöku starfsfólks og nemenda.
- Halda áfram að vinna markvisst að heilsueflingu nemenda og starfsfólks með stuðningi heilsueflingarteymisins.
- Vinna áfram að því að efla mannauðinn, styðja við endurmenntun starfsfólks og skora hærra í Stofnun ársins.
- Bæta aðbúnað starfsfólks og skólaumhverfið.
- Vinna áfram með niðurstöður lýðræðisfundar frá vorönn 2021 sem eru [aðgengilegar á heimasíðu skólans](#).

¹ Birt í [innra mats skýrslu vegna skólaársins 2019-2020](#) (bls. 26)

² [Menntamaskína](#)



- Vinna markvisst með niðurstöður kannana til að greina umbætur, skilgreina þær og hrinda í framkvæmd.
- Græn skref: Halda áfram markvissri innleiðingu og markmið sett um að ljúka henni á tilteknum tíma.
- Umhverfismál: Móta stefnu, markmið og viðmið fyrir árangur.
- Loftslagsstefna: Móta stefnu, markmið og viðmið fyrir árangur.
- Taka áhugasviðsviðtöl á framhaldsskólabraut og gera stöðumat hjá nemendum með annað móðurmál en íslensku (ÍSAN áfanginn).
- Koma á sálfræðiþjónustu fyrir nemendur.
- Umsjón felld inn í lífsleikniáfangu; hvetja til teymisvinnu kennara, leita leiða til að virkja nemendur til þátttöku og bæta enn frekar utanumhald um nemendur.
- Endurskoðun námskrár FVA, þ.e. brautarlýsinga, áfanga og almenns hluta.
- Nýliðamóttaka, -þjálfun og eftirfylgd fest í sessi.

VII. LOKAORÐ

Í FVA er hátt til lofts og vítt til veggja. Á haustönn 2021 fengu 10. bekkingar úr Grundaskóla á Akranesi hér húsaskjól. Lagt var kapp á að greiða götu þeirra og taka vel á móti þeim. Nokkrir kennarar í FVA þurftu þess vegna að gefa frá sér kennslustofur sem þeir voru vanir að nýta, álag jókst í mötuneytinu, hjá umsjónarmanni fasteigna og á bókasafni í kjölfarið. Allt gekk upp á endanum með góðum vilja og vonast má til að þetta opni á meira flæði milli skólastiga til frambúðar.

Skólastarf í skugga Covid-19 sýndi að bæði starfsfólk og nemendur eru tilbúnir til að leggja hart að sér þegar á reynir. Þetta var erfitt fyrir stóran hóp nemenda og kennara en samt lærdómur sem styrkir okkur: Fundir eru nú styttri og árangursríkari. Mikilvægi góðs samstarfsfólks og vinnufélaga er orðið augljósara. Ýmsar reglur hafa verið endurskoðaðar. Nýtt sjónarhorn á vinnufyrirkomulag hefur litið dagsins ljós, unnið er með frumkvæði og lausnir. Upplýsingaflæði er greiðara. Samstaða hefur myndast þrátt fyrir einangrun og fjarvinnu. Allir eru fegnir að fá að kenna í staðnámi og sinna sínu starfi á vinnustaðnum innan um nemendur og samkennara.

Starfsfólk og nemendur FVA stóðu sig afgangsgætt og sýndu umburðarlyndi, þrautseigju og aðlögunarhæfileika á þessum krefjandi tímum þar sem staðan var grafalvarleg. Nú eru betri tímar, bólusetningar ganga vel, mestar líkur eru á að skólastarf verði framvegis með eðlilegum hætti og við göngum óttalaus til verka.

Okkar bíða næg verkefni og skýrsla sem þessi hjálpar okkur að draga þau fram, fá yfirsýn á umfang og forgangsraða og ekki síst að tryggja gæði. Við hlökkum til að takast á við faglegar og kennslufræðilegar áskoranir næsta skólaárs sem snúa fyrst og fremst að nemendum og námskrá en ekki síður að því að efla þá þætti sem snúa að mannauði skólans. Áhersla er alltaf lögð á lýðræðislega nálgun í kennslu- og stjórnunarháttum. Þá eru stór verkefni í gangi við endurbætur á húsnaðinu sem reyna á sveigjanleika og þolinmæði allra en við leggjumst á eitt til að láta hlutina ganga. Aðsókn í nám við skólann er góð og framtíðin björt.

Akranesi 15. september 2021

Steinunn Inga Óttarsdóttir, skólameistari